

Stjórnarfundur var haldinn 8. apríl í Miðdal í Kjós og hófst hann kl. 19:00.

Mættir voru Svana, Hilmar, Stella og Ingibjörg sem ritaði fundargerð. Ástríður boðaði forföll.

1) Fyrsti fundur nýrrar stjórnar.

Stella var boðin velkomin til starfa í stjórninni. Stjórnin skipti með sér verkum og var ákveðið að Svana verður áfram gjaldkeri, Ingibjörg verður formaður og ritari og Ásta, Hilmar og Stella verða meðstjórnendur.

2) Vorganga

Ákveðið að vorganga verður kl. 14:30 fimmtudaginn 14. maí (uppstigningadagur) í Miðdal í Kjós. Taumganga og félagar komi með nesti. Einnig eru tengiliðir hvattir til þess að skipuleggja göngur.

3) Tengiliðir

Ákveðið var að fækka tengiliðum þannig að framvegis verði tengiliðir fyrir eftirtaldar tegundir:

Australian shepherd, Border Collie, Briard, Collie rough & Collie smooth, Pembroke Welsh Corgi Shetland Sheepdog, Old English Sheepdog.

En þessir tengiliðir verða teknir af síðu deildarinnar

Fanney Dagmar Baldursdóttir Bearded Collie(Ingibjörg)

Ylfa Ólafsdóttir Malinois

Bjarni Helgason, Puli og Polski Owczarek Nizinny

Ástæðan fyrir þessu er að engin ræktun er í gangi í þessum tegundum og sjálfsagt að endurskoða málið ef aðstæður breytast. Stjórnin þakkar Fanney, Ylfu og Bjarna fyrir samstarfið og mun óska eftir því að tengiliðirnir skili gögnum til stjórnar til varðveislu.

Tengiliður Briard Elín Lára Sigurðardóttir lét af störfum sem tengiliður að eigin ósk síðasta ársfundi og ákvað stjórn eftir umræður að biðja Valdísi Rúnarsdóttur að gerast tengiliður en hún sendi erindi til stjórnar þar sem hún lýsir áhuga sínum á starfi tengliðs fyrir Briard. Formanni falið að hafa samband við Valdís.

4) Deildarsýning.

Miðnætursýning verður haldin 20 júní nk. að Sunnuhvoli.

a) Farið yfir tillögu að keppnisflokkum og auglýsingu frá Láru Birgisdóttur.

b) Dómarinn Stephen Gladstone kemur föstudaginn 19. júní og verður 4 nætur og kemur með maka. Deildin greiðir fyrir 3 nætur - einstaklingsherbergi en þau greiða eina nótt og viðbótargjald fyrir 2 manna herbergi.

Búið að panta hótél og flug. Þau verða 2 nætur á Örk og 2 nætur á Holtinu.

Dómarinn leggur út fyrir fluginu með Delta.

Einar verður beðin að keyra hann frá Keflavík til Hveragerðis (NN)

Rætt að fara með dómarann í Gullhring á sunnudeginum (NN) og svo út að borða á Vegamót (kl 20) um kvöldið. -IFélagsmönnum verður boðið að koma með út að borða.(IÓ)

Svana og Ingveldur sjá um veitingar á sýningunni (smurt brauð)

Keypt verður gjöf handa dómaranum (IÓ)

c) Skráning

IÓ sendir Fríði á Hrfí um að opna skráningu á sýninguna. Rætt að opið verði fyrir skráningu frá 10 maí til 2. júní. Spyrja HRFÍ í leiðinni hvort það þurfi leyfi frá sveitarfélaginu eða MAST. Dómarablöð fylgja skráningum á sýninguna.

d) Verðlaun

Rætt verður við Pedigree um að gefa aðalverðlaun (Lára B) - og Stella hefur samband við Dýrheima um verðlaun fyrir hverja tegund. Ef það gengur ekki verða tengiliðir beðnir að sjá um verðlaun fyrir sína tegund.

Kaupa þarf rósettur fyrir BOB

Vettvangsferð stjórnar á Sunnuhvol verður 4. júní - lagt af stað úr bænum kl. 18:00.

IÓ ræðir við Önnu Björgu og Láru um hvort þessi dags. hentar.

Athuga með hreinlætisaðstöðu, og skoða og ákveðja hvar verða bílastæði, tjaldsvæði og sýningarsvæði.

Einnig athuga með þörf fyrir tjöld og tékka á kaffiaðstöðu á staðnum

Systa ætlar að sjá um sýningarskrá

Búið er að stilla upp starfsmönnum í helstu verkefni (Lára)

Næsti fundur stjórnar er boðaður 6. maí nk.

Fundi var slitið kl. 21:15